

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur árið 2022

Tekjur

Framlag ríkissjóðs	26.494.227
Framlag sveitarfélaga	36.541.884
Önnur framlög	<u>1.490.262</u>
Tekjur alls	<u>64.526.373</u>

Framlög

Bundin framlög	1.634.894
Sérstök framlög	8.865.687
Jöfnunarframlög	14.000.000
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	15.711.837
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk	<u>23.646.787</u>
Framlög alls	<u>63.859.205</u>

Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	9.786
Annar rekstrarkostnaður	<u>160.680</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>170.466</u>

Framlög og gjöld alls 64.029.671

Rekstrargjöld/tekjur	496.702
Fjármagnstekjur/gjöld	<u>215.849</u>

Afkoma ársins 712.551

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

Veltufjármunir:

Sveitarfélög, staða	<u>3.852.921</u>
Ríkissjóður, vegna framlaga	<u>111.627</u>
Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla	<u>8.075</u>
Áfallnar vaxtatekjur	<u>1.416</u>
Aðrar skammtímakröfur	<u>8.869</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>3.982.909</u>

Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>4.738.078</u>

Eignir alls 8.720.987

Utan efnahagsreiknings 14.655.596

Skuldir og eigið fé

Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>1.429.543</u>

Skammtímaskuldir:

Ríkissjóður, vegna dóms	375.000
-------------------------------	---------

Nr. 1101/2025

Sveitarfélög og aðrar skuldir	6.468.077
Önnur framlög, greiðslustaða	448.367
Skammtímaskuldir samtals	<u>7.291.444</u>
Skuldir samtals	<u>7.291.444</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>8.720.987</u>

Sjóðstreymi árið 2022

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri:

Tekjuhalli skv. rekstrarreikningi	712.551
Veltufé frá rekstri	<u>712.551</u>

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	(325.885)
Skammtímaskuldir hækkun/(lækkun)	1.424.545
	<u>1.098.660</u>

Handbært fé til rekstrar / frá rekstri **1.811.211**

Fjármögnunarhreyfingar

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

Framlag ríkissjóðs	(26.494.227)
Greitt úr ríkissjóði	<u>27.377.564</u>
	<u>883.337</u>

Hækkun/lækkun á handbæru fé 2.694.548

Handbært fé í ársbyrjun 2.043.530

Handbært fé í árslok 4.738.078

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningsskilaaðferðir eru í megin atriðum þær sömu og árið áður.

Á árinu 2022 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs 712,6 m.kr. samanborið við tekjuhalla upp á 121,1 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.720,9 m.kr., skuldir 7.291,4 m.kr. og eigið fé nam 1.429,5 m.kr.

Innviðaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sigurður Ingi Jóhannsson

innviðaráðherra.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson,
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til innviðaráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda.

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og fylgir siðareglum alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, 21. september 2023.

Guðmundur Björgvin Helgason ríkisendurskoðandi.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til innviðaráðherra

Álit.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2022, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér á eftir. Við erum óháð Jöfnunarsjóðnum og höfum starfað í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur Ríkisendurskoðunar. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Þau eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær geta haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggist á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á ársreikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé á svig við reglur um innra eftirlit.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 19. september 2023.

Óskar Sverrisson endurskoðandi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. október 2025